

Mánudaginn 9. júní 1997.

Nr. 237a/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Sigurpóri Arnarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. júlí 1997 klukkan 16.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Eftir að úrskurður héraðsdóms var kveðinn upp, var aflað skýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors um krufningu á líki Sigurðar Sigurmundssonar. Skýrsla þessi, sem dagsett er 6. júní 1997, er ekki endanleg, þar sem læknar bíða niðurstöðu sérstakrar heilarannsóknar, sem gerð var af prófessornum og Hannesi Blöndal, prófessor í líffærafræði. Í skýrslu prófessors Gunnlaugs segir, að dánarorsök hafi verið heilaskúmsblæðing (hemorrhagia subarachnoidalis). Slík blæðing geti stafað af áverka, en einnig af sjúkdómi. Þá segir í vottorði prófessorsins, að ekki hafi fundist neitt, sem bendi til þess, að sjúkdómur liggi að baki heilaskúmsblæðingunni.

Í úrskurði héraðsdóms er því lýst, hvað fram hefur komið um atburðina á veitingahúsinu Vegas 13. maí 1997, meðal annars, að vitni hafi borið, að varnaraðili hafi sparkað í höfuð Sigurðar heitins Sigurmundssonar. Þótt minni háttar óvissa sé um, hvern hlut varnaraðili átti í árásinni, þykja gögn málsins veita sterkan grun um, að hann hafi gerst sekur um stórfellda líkamsárás. Af fyrrgreindri skýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors verður að telja fram kom-

in nægileg líkindi fyrir því, að Sigurður hafi beðið bana af völdum árásarinnar, þannig, að verknaður varnaraðila verði talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Verður því talið fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og fallist á kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Sigurpór Arnarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. júlí 1997 klukkan 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 4. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Sigurpóri Arnarssyni, kt. 170871-5299, með lögheimili að Dvergabakka 12, Reykjavík, en dvalarstað að Hraunbæ 58, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. júlí 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 211. „og eða“ 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með úrskurðum, kveðnum upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 14. maí sl., var kærða og þremur öðrum mönnum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 4. júní 1997 með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði er grunaður um að hafa valdið dauða Sigurðar Sigurmundssonar með fólkskulegri líkamsárás á skemmtistaðnum Vegas aðfaranótt þriðjudagsins 13. maí sl. Átök urðu á veitingastaðnum þessa nótt milli kærða og félaga hans annars vegar og Sigurðar heitins og félaga hans hins vegar. Í átökunum féll Sigurður í gófið meðvitundarlaus, og andaðist hann 15. maí sl., án þess að hann kæmist til meðvitundar að nýju.

Kærði hefur neitað sakargiftum, en vitni hafa borið, að kærði hafi sparkað í höfuð Sigurðar, og önnur vitni hafa borið, að Sverrir Pór Einarsson, sem lögreglan grunar einnig um að hafa valdið dauða Sigurðar, hafi slegið Sigurð í höfuðið. Enn eitt vitnið kveðst hafa séð mann berja höfði Sigurðar í hillu, en hefur borið, að það muni ekki, hver það var. Kærði og Sverrir hafa borið hvor annan sökum. Nokkur vitni voru að átökunum á skemmtistaðnum, en þau sáu ekki aðdraganda þess, að Sigurður féll í gólfíð.

Samkvæmt greinargerð rannsóknarlögreglunnar er rannsókn málsins á lokastigi, og hefur ekki verið sýnt fram á, að rannsóknarhagsmunir krefjist þess, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Skýrslu um niðurstöður krufningar hins látna er ekki lokið, en í læknis-

vottorði frá 14. maí sl. segir, að Sigurður hafi fengið mikla heilablæðingu. Í vottorðinu kemur fram, að við líkamsskoðun hafi ekki komið í ljós „nein áverkamerki fyrir utan smá blóðkýli á hnakka með léttri húðblæðingu“. Í áverkavottorði læknis frá 26. maí sl. kemur fram, að við komu á slysadeild 13. maí sl. hafi Sigurður ekki verið „með nein sjáanleg áverkamerki á andliti, hvorki með skrámu, mar né bólgu neins staðar á andliti eða höfði fyrir utan smáskrámu aftan á hnakka“, og að engin önnur áverkamerki hafi verið „sjáanleg á útlimum eða bol fyrir utan minni háttar mar yfir vinstra viðbeini“. Enn fremur kemur fram, að ekki finnist „nein bein eða örugg merki um áverka á höfuð eða heila“.

Með hliðsjón af þessum læknisvottorðum og því, að framburður vitna og grunaðra gefur ekki skýra mynd af atburðarás umræddra átaka og þætti hvers og eins í þeim, þykir skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki fullnægt. Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins er því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærða, Sigurþóri Arnarssyni, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, er hafnað.
